

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavík svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorhirðugjald fyrir *blandað heimilissorp*:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
A.1	240 l græn sorptunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	9.300
A.2	240 l græn sorptunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	11.550
A.3	240 l grá sorptunna sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	18.600
A.4	240 l grá sorptunna sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	23.100
A.5	660 l ker sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	51.150
A.6	660 l ker sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 10 daga fresti	63.525

Sorhirðugjald fyrir *flokkað heimilissorp*, blá tunna:

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
B.1	240 l blá sorptunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	6.500
B.2	240 l blá sorptunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 20 daga fresti	8.800

Sorhirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorpílát, hirðu og förgun sorps.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umframsorp: 650 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun: 3.000 kr./ferð auk 480 kr./ílát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 6.300 kr./ibúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

Nr. 1280

18. desember 2012

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráð Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg nr. 1024/2010.

Borgarstjórin i Reykjavík, 18. desember 2012.

Jón Gnarr.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2013